

**122. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
4. mars 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hrefna Rún Ákadóttir, Félagsmálastjóri.

Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri sat fundinn undir lið 2.

**Fyrir tekið:**

**1. 2002400 - Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

Kynning á bréfi félags- og barnamálaráðherra og framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi þar sem erindið snýst um barnvæn sveitarfélög og innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Auglýst er eftir umsóknum áhugasamra sveitarfélaga um að gerast barnvænt sveitarfélag.

*Velferðar- og mannréttindaráð tekur jákvætt í erindið. Sviðstjóra falið að athuga með kynningu frá Unicef og frá sveitarfélagi sem hefur innleitt verkefnið.*

**2. 1610004 - Kirkjubraut 40 - húsaleiga á félagsaðstöðu fyrir eldri borgara**

Í samkomulagi milli Akraneskaupstaðar og FEBAN síðan 13. janúar 2002 er kveðið á um í 5. gr. að húsráð verði skipað. Þetta ákvæði hefur aldrei komið til framkvæmda en nú er óskað eftir afstöðu Velferðar og mannréttindaráðs um skipan húsráðs þar sem stytast fer í að starfsemin flytji og nýr eigandi er að húsnæðinu.

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðstjóra að skipa tvo fulltrúa frá velferðar- og mannréttindasviði í húsráð samkvæmt samkomulagi milli FEBAN og Akraneskaupstaðar um afnot af Kirkjubraut 40.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Kristinn H. Sveinsson  
Einar Brandsson  
Anna Þóra Þorgilsdóttir  
Hrefna Rún Ákadóttir.